

**256. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
mánudaginn 16. janúar 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson svíðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Björn Breiðfjörð Gíslason verkefnastjóri og Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2210064 - Breyting á sorpmálum 2023**

Val á ráðgjafa vegna vinnu við útboðsgögn.

*Björn Breiðfjörð Gíslason verkefnastjóri kynnti verkefnaáætlun frá Mannvit.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur svíðsstjóra að semja við Mannvit um gerð útboðsgagna vegna breytinga á söfnun, hriðingu og meðhöndlun á úrgangi á árinu 2023.*

**2. 2204096 - Grenndarstöðvar - staðsetning**

*Björn Breiðfjörð Gíslason verkefnastjóri fór yfir ábendingar sem borist hafa vegna staðsetningar á grenndarstöðvum við Bíöhöllina, Jörundarholt og á lóð við Dalbraut 1.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur verkefnastjóra að halda áfram með framkvæmd við að setja niður grenndarstöðvar við Bíöhöllina og Dalbraut 1. Í stað grenndarstöðvar við Jörundarholt verði sett grenndarstöð við Byggðasafnið.*

*Stefnt verði að því við val á fleiri grenndarstöðvum að fjarlægð sé að hámarki 500 metrar fyrir þá íbúa sem velja að nota þær.*

*Björn vék af fundi eftir þennan dagskrálið.*

**3. 2202110 - Niðurrif eigna í eigu Akraneskaupstaðar.**

Niðurrif eigna í eigu Akraneskaupstaðar

*Skipulags- og umhverfisráð felur Ásbirni Egilssyni verkefnastjóra að bjóða út niðurrif á Dalbraut 8, Dalbraut 10, Suðurgötu 108 og Suðurgötu 124.*

**4. 2209027 - Betra Ísland**

Kynning á verkefninu að taka upp samráðsgátt frá Íbúar ses, (Betra Ísland). Farið yfir stöðuna á vinnunni hjá Akraneskaupstað.

*Valdís Eyjólfssdóttir verkefnastjóri fór yfir verkefnið Betra Ísland og lagði fram drög að vinnslusamningi og þjónustu-, rekstrar- og samstarfssamningi við Íbúa ses.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur Valdísí að vinna verkefnaáætlun fyrir fyrsta verkefnið í íbúasamráð. Unnið verður með opin svæði á Akranesi. Verkefnaáætlun verður kynnt á fundi skipulags- og umhverfisráðs 30. janúar 2023.*

*Valdís vék af fundi eftir þennan dagskrárið.*

**5. 2205006 - Þjónustugjaldskrá - breyting**

Breyting á þjónustugjaldskrá fyrir skipulags-og byggingarmál og tengd þjónustugjöld.

*Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi fór yfir lokaútgáfu þjónustugjaldskrár.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að samþykkja framlagða gjaldskrá um skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld og vísa henni til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.*

**6. 2210185 - Deiliskipulag Smiðjuvalla 12-22 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Smiðjuvalla ehf. um breytingu á deiliskipulagi á Smiðjuvöllum 12 - 22. Sótt er um að breyta notkun lóðar þannig að hægt sé að byggja íbúðar- og atvinnuhús á henni og mynda heilsteypt lifandi hverfi með blandaðri byggð.

*Guðmundur Ingþór Guðjónsson, vék af fundi undir þessum dagskrárið.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt með þeirri breytingu að lóð við Smiðjuvelli 32 verði hluti skipulagslýsingar.*

**7. 2301147 - Deiliskipulagsrammi Smiðjuvalla**

Deiliskipulagsrammi fyrir Smiðjuvelli

*Guðmundur Ingþór Guðjónsson, vék af fundi undir þessum dagskrárið.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt með þeirri breytingu að lóð við Smiðjuvelli 32 verði hluti skipulagslýsingar.*

**8. 2301057 - Aðalskipulags breyting - Þróunarsvæði Smiðjuvellir**

Skipulagslýsing lögð fram um þróunarsvæði c samkvæmt Aðalskipulagi Akraness 2021-2033. Skipulagssvæðið Þróunarsvæði C er skilgreint Smiðjuvallasvæðið norðan Esjubrautar og vestan Þjóðbrautar. Markmið skipulagslýsingar verður að skoða möguleika á þéttri blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi.

*Guðmundur Ingþór Guðjónsson, vék af fundi undir þessum dagskrárið.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt með þeirri breytingu að lóð við Smiðjuvelli 32 verði hluti skipulagslýsingar.*

**9. 2301128 - Deiliskipulag Dalbrautarreitur - Stillholt 23 og Dalbraut 2**



Kynning á innsendum gögnum er varða hugmyndir um nýtt deiliskipulag á Dalbrautarreit, Stillholt 23 og Dalbraut 2.

Skipulagsgögn lögð fram.

**10. 2204169 - Skógarhverfi 3C og 5, úthlutun lóða**

Úthlutun lóða í skógarhverfi aðferðafræði og tímasetningar úthlutunar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að hafin verði vinna við gerð skilmála og gagna fyrir úthlutun/sölu/útboð á byggingarrétti eftifarandi lóða á eftifarandi forsendum:

Skógarhverfi, áfangar 1,2,3A,3C,4 og 5:

*Einbýlishús, fyrirkomulag útdráttur, þar verði auk gatnagerðargjalds lagt á sérstakt byggingarréttargjald, kr. 25.000 á hvern fermetra sem heimilt er að byggja skv. skipulagi, í samræmi við 3. mgr. 6. gr. gjaldskrár Akraneskaupstaðar fyrir gatnagerðargjald nr. 1543/2022.*

*Annað íbúðarhúsnæði, fyrirkomulag útboð á byggingarrétti, lágmarksgjald með gatnagerðargjaldi kr. 65.824 fermetra sem heimilt er að byggja skv. skipulagi, sbr. 2. mgr. 6. gr. gjaldskrár Akraneskaupstaðar fyrir gatnagerðargjald nr. 1543/2022*

*Framangreindar tölur verði uppfærðar m.t.t. breytinga á byggingarvíslölu þegar úthlutun fer fram.*

*Tillaga að skilmálum, gögnum og tímasetningum verða lagðar fyrir bæjarráð til skoðunar þegar slík gögn verða tilbúin.*

**11. 2205175 - Skólp frá Akranesi - skilgreining á síður viðkvæmum viðtaka**

Bréf umhverfisstofnunar frá því í maí 2022.

*Í ofangreindu bréfi kemur fram að skilgreina þurfi viðtaka skólps sem síður viðkvæman áður en eins þreps hreinsun á skólpi er heimiluð. Endurskoðun á skilgreiningu viðtaka þarf að fara fram a.m.k. fjögurra ára fresti.*

*Sveitarstjórnir sem óska þess að viðtaki verði skilgreindur sem síður viðkvæmur skulu í samráði við heilbrigðiseftirlit senda tillögu að skilgreiningu viðtaka sem síður viðkvæms ásamt fullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að óska eftir því að viðtaki verði skilgreindur sem síður viðkvæmur. Óskað verði eftir því við Veitur að leggja fram fullnægjandi gögn því til staðfestingar.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:15.

*Dalgaður S. Þorleifur  
Gunnar Sigurður Guðjónsson  
Sæði S. Árni Sigurður Guðjónsson*